

## 199. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 14.apríl 2005 kl. 18:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Rúnar Gíslason, forseti bæjarstjórnar, RG  
Dagný Þórisdóttir, DÞ  
Eyþór Benediktsson, EB  
Elísabet L. Björgvinsdóttir, ELB  
Davið Sveinsson, DS  
Hilmar Hallvarðsson, HH  
Guðmundur Kristinsson, GK  
Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri, ÓJG  
Þór Örn Jónsson, bæjarritari.

Forseti bæjarstjórnar setti fund og stýrði.

### 1. Fundargerðir bæjarráðs.

#### 1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 389, dags.6.apríl 2005.

**Liður 1.3. fundargerð skipulags- og byggingarnefndar.**

Fundargerð lögð fram. Liðir 4,5,7,8b og 8c samþykktir. Liður 1 er tekin fyrir síðar á fundinum. Liður 2 og 3 verða teknir fyrir á næsta bæjarstjórnarfundi. Fundargerð samþykkt að öðru leyti.

**Liður 1.4. Skólanefnd Tónlistarskóla. Fundargerð framlögð. Samþykkt að ráðu Jóhönnu Guðmundsdóttur í starf skólastjóra Tónlistaskóla . Fundargerð samþykkt að öðru leyti.**

Til máls tók:ELB

Liður 4 samþykktur.

Til máls tóku:ÓJG,DS og DÞ

Liður 6 samþykktur samhljóða.

Til máls tóku:HH,RG,ÓJG og ELB

Liður 7 samþykktur samhljóða.

Til máls tóku: DS,ÓJG og ELB

Liður 9 samþykktur samhljóða.

Til máls tóku:HH,ELB og ÓJG

Liður 10 samþykktur samhljóða.

Til máls tók:ÓJG

Liður 11 samþykktur.

Liður 12 samþykktur með fyrirvara um að deiliskipulagið verði samþykkt. Dagný og Davíð sátu hjá.

Til máls tóku:HH,DS,GK og ÓJG

Liður 17

**Bókun:**

**Undirritaður tekur undir þakki bæjarráðs til sjávarútvegsráðherra að ákveða að flytja hluta af starfsemi Fiskistofu hingað í Stykkishólm, miðsvæðis á væntanlegt eftirlitssvæði.**

Með þessari ákvörðun vinnast aftur álíka mörg störf og töpuðust í Stykkishólmi á síðasta ári, þegar framhaldsdeild Fjölbrautaskólans og starfsstöð Vegagerðarinnar í Stykkishólmi voru lögð niður.

Ég tel að enn einu sinni hafi sjávarútvegsráðherra sýnt í verki hvern skilning hann hefur á stöðu byggðalags okkar, eftir það mikla áfall sem stöðvun skelveiða hafði í för með sér. Því miður hafa ekki allir sýnt okkur þann sama skilning.

Rúnar Gíslason, forseti bæjarstjórnar

Til máls tóku: Allir tóku til máls.

Liður 18 samþykkt að ganga til samninga við lægstbjóðendur Palli Sig ehf./Stefán Björgvins/EB vélar/Velverk ehf.

Til máls tóku: ÓJG, HH og ELB

Liður 21 bæjarstjóri gerði grein fyrir uppsetningu hliðarkarfa í íþróttamiðstöð og bæjarráði falið að ganga frá málinu.

Fundargerðin staðfest samhljóða.

Til máls tóku: Allir tóku til máls.

2. Fundargerðir nefnda.

2.1. Fundargerð atvinnumálanefndar, dags. 4.4.2005.

**Fundargerð framlögð og samþykkt.**

**Til máls tóku: DS, HH, RG og ÓJG**

2.2. Fundargerð fræðslunefndar, dags. 4.4.2005.

**Fundargerð framlögð og samþykkt.**

**Til máls tóku: ELB, HH og DS**

2.3. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 6.4.2005.

**Fundargerð afgreidd fyrir á fundinum.**

2.4. Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla, dags. 22.3.2005.

**Fundargerð afgreidd fyrir á fundinum.**

3. Breyting á aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022.

**Breytingar samþykktar.**

**Til máls tóku: HH, DS og ÓJG**

**Fundargerðin upplasin og samþykkt.**

**Fundi slitið kl. 19:38.**

**Þór Örn Jónsson, bæjarritari.**